

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 þriðjudaginn 8. september 2020, Icelandair Hotel Akureyri

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson og Þórdís Bjarnadóttir varamaður. Tómas Árdal varamaður var fjarverandi.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson

1. Staða ferðapjónustunnar

Framkvæmdastjóri sagði frá opunarhátíð Demantshringsins þann 6. september s.l. Viðburðurinn tókst vel og var vegurinn formlega vígður af forsætisráðherra, samgönguráðherra og ráðherra ferðamála. Viðbrögð innan ferðapjónustunnar hafa verið góð og gaman að geta sett í loftið jákvæða frétt á þessum tímum.

Íslenskur áhrifavaldur hefur í tengslum við opnunina verið á ferðinni um Demantshringinn undanfarna daga og fengið góð viðbrögð einnig. Samstarfsverkefni MN og Íslandsstofu.

Framkvæmdastjóri fór í gegnum fyrstu niðurstöður könnunar sem MN sendi út til sinna samstarfsfyrirtækja í byrjun september. Almennt gæti jákvæðni í ferðapjónustu þrátt fyrir erfiða tíma en ljóst að mörg fyrirtæki geta ekki nýtt stuðningsúrræði stjórnvalda. Niðurstöður munu vera birtar fljótlega og nýttar í áframhaldandi starfi MN.

Fundarmenn ræddu stöðu ferðapjónustunnar nú og hvað væri í vændum næstu mánuði.

Fram kom að sumarið hefði komið betur út en nokkur hefði þorað að vona í vor – mikið að gera hjá mörgum fyrirtækjum, en sum fyrirtæki hefðu þó misst mikið. Verðlagning var almennt lág og því rekstur mjög þungur þrátt fyrir að mikið væri að gera. Íslendingar voru duglegir að ferðast um eigið land og almennt mjög ánægðir með gæði og úrval þjónustu á svæðinu. Hertar Covid reglur urðu svo til þess að erlendir gestir nánast hurfu og Íslendingarnir líka þegar skólarnir byrjuðu, þannig að núna eru mjög fáir á ferðinni. Framundan eru því erfiðir mánuðir hjá mörgum – mörg fyrirtæki að draga verulega saman seglin.

Hins vegar bjartsýni í fólki – mikilvægt núna að vinna grunnvinnu þessa mánuði til þess að vera tilbúin með markaðsaðgerðir um leið og slaknar á hömlum. Jafnframt mikilvægt að höfða til Íslendinga að halda áfram að ferðast innanlands – ekki bara yfir hásumarið.

2. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna. Sjaldan meira að gera hjá MN en einmitt núna, verkefnum fjölgar og framkvæmd þeirra breytist vegna Covid. Innanlandsmarkaður er í fókus núna og verður áfram unnið þar, m.a. með kynningu á vetrinum og vetrarafþreyingu, þróun á pökkum og kynningu á þeim ásamt beinni þjónustu við fyrirtæki.

Nauðsynlegt er líka að viðhalda erlendum markaði. Opnun Demantshringsins er liður í því að viðhalda athygli erlendis og vera tilbúin þegar heimurinn opnast aftur. Mikilvægt að vera halda athyglinni núna, því þegar allt opnast þá verða mikil læti og erfitt að ná athygli.

Helstu áherslur framundan hjá MN eru:

- Að byggja upp og viðhalda athygli á Norðurlandi, lítill hávaði á markaði núna
- Áætlun um hvernig við förum af stað eftir covid
- Aukin áhersla á samfélagsmiðla, framleiðsla á efni og áhrifavaldar
- Upplifdu.is
- Ný heimasíða – eykur mjög möguleika í markaðssetningu
- Vöruþróun með fyrirækjum
- Bein aðstoð til fyrirtækja varðandi markaðssetningu
- Þéttara samstarf við sveitarfélögin í markaðsherferðum
- Samskipti við erlendar ferðaskrifstofur – kynna efni og fylgja eftir
- Áfangastaðapróun, ferðamannleiðir og kortlagning innviða
- Samstarfslýsing Íslandsstofu – yfirferð og uppfærsla

Umræður um verkefni framundan. Álfhildur áheyrnarfulltrúi tilkynnti fyrir hönd stjórnar SSNV að hún lýsti yfir mikilli óánægju með vefinn Upplifdu.is sem var samstarfsverkefni alla markaðsstofanna.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að uppskeruhátíð ferðapjónustunnar á Norðurlandi hefur verið frestað vegna Covid. Jafnframt hefur Mannamótum, sem markaðsstofur landshlutanna standa sameiginlega að í janúar ár hvert, verið frestað vegna Covid.

Halldór Óli verkefnastjóri kom inn á fundinn og kynnti góðan árangur af herferð MN á samfélagsmiðlum til Íslendinga.

4. Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála MN. Þar kom fram að staðan í dag er skv. áætlun, en vegna covid hefur áhersla í starfinu breyst tímabundið og því orðið færslur milli einstakra liða. Greiðslur aðildarfyrirtækja hafa skilað sér vel og lítið útistandandi af þeim. Samtals hafa 12 fyrirtæki gengið úr samstarfinu, flest vegna covid eða breytinga á starfsemi. 9 ný fyrirtæki hafa komið í staðinn.

Framkvæmdastjóri ræddi einnig um fjármögnun næsta árs frá ríkinu – núverandi samningi er að ljúka um næstu áramót og ekki ljóst hvað tekur við. Umræður um mikilvægi þessa að ljúka sem fyrst við samningagerð.

Stjórn SSNV og stjórn SSNE hafa báðar gert eftirfarandi bókun um þetta mál:

Stjórn SSNV lýsir yfir áhyggjum af stöðu fjármögnunar Markaðsstofunnar en núgildandi samningur milli hennar og Ferðamálastofu rennur út í árslok 2020. Undanfarin tvö ár hefur Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofa unnið að undirbúningi og þróun að Áfangastaðastofum (DMO) á landsvísu, en gert hefur verið ráð fyrir að fjármögnun og hlutverk Markaðsstofa landshlutanna yrði sett inn í það form. Landshlutasamtökin á Norðurlandi eystra og vestra, ásamt Markaðsstofu Norðurlands hafa lagt fram tillögu inn í þessa vinnu að hlutverki og fjármögnun áfangastaðastofu á Norðurlandi. Mjög mikilvægt er að ljúka samningsgerð sem fyrst til að tryggja samfellu í mikilvægu starfi við markaðssetningu og uppbyggingu ferðapjónustu sem unnið er hjá Markaðsstofu Norðurlands fyrir landshlutann allan.

3. Hlutverk stjórnar og skipulagsskrá

Framkvæmdastjóri kynnti uppfærð drög að skjali með hlutverki stjórnar MN. Umræðum um drögin og mögulegum breytingum á samþykktum félagsins var frestað til næsta stjórnarfundar.

Hjalti Páll vék af fundi kl 16:00

5. Önnur mál

Rætt um að MN skuli, í samstarfi við MAS og önnur hagsmunasamtök ferðaþjónustunnar, undirstrika mikilvægi ferðaþjónustunnar innávið gagnvart stjórnvöldum og ráðamönnum þjóðarinnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 16:20.

Fundarritari HPP